

Fundargerð framkvæmdastjórnar KGRP

Priðjudaginn 11. október var níundi stjórnarfundur ársins 2022 haldinn í framkvæmdastjórn Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Fundurinn hófst kl. 08:00 í Fossvogi. Mætt: Egill Heiðar Gíslason formaður, Kristján Guðmundsson meðstjórnandi, Emilía G. Svavarsdóttir meðstjórnandi og Ingvar Stefánsson framkvæmdastjóri. Formaður setti fundinn og lagði fram dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Rekstur
3. Nýtt þjónustuhús í Kópavogsgarði
4. Stefnumótun
5. Bálstofa
6. Aðalfundur og arðgreiðslustefna Útfararstofu Kirkjugarðanna
7. Önnur mál

1. Lögð var fram fundargerð síðasta fundar sem var samþykkt.
2. Rekstur gengur þokkalega en halda verður vel á spöðunum. Framkvæmdastjóri vinnur að því ásamt starfsfólki að fá fram betri kjör.
3. Kynnt var staða framkvæmda við nýtt þjónustuhús í Kópavogi. Loftræstingar virkar ekki. Búið er að gera upp að mestu við verktaka og aflétta tryggingu að hluta samkvæmt ákvæðum verksamnings.
4. Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu stefnumótunar. Vinnustofa verður haldin með öllu stafsólki Kirkjugarðanna í 14. október. Rætt var um nálgun við hagsmunaaðila og ráðgjafi kynntur.
5. Farið var yfir málefni bálstofunnar. Ofnar eru orðnir gamlir og viðhaldsfrekir. Gert er ráð fyrir að danskir sérfræðingar komi til landsins á fyrri hluta næsta árs og gerið ofnana upp. Búið er að panta varahluti í ofnana.
6. Rætt var um málefni Útfararstofu Kirkjugarðanna og setja félaginu arðgreiðslustefnu, framkvæmdastjóra falið að koma með tillögu.
7. Undir liðnum önnur mál var m.a. rætt um ráðningu á bókkara o.fl..

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 9:30.